

REGLUGERÐ

112

15. júní

um holræsi og holræsagjöld í Ólafsfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórn hefur ein heimild til þess að leggja holræsi um Ólafsfjarðarkaupstað. Holræsagerð bæjarins er sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Þar, sem bæjarstjórn hefur látið leggja holræsi í götu, veg eða opið svæði, er hverjum húseiganda, sem lóð á þar að, skylt að hlíta því, að lagt sé ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Innanhússleiðslur leggi húseigandi á sinn kostnað, en skylt er honum að tilkynna umsjónarmanni holræsagerðarinnar áður en hann láti leggja slíkar leiðslur og skal allt, er við kemur slíkum leiðslum, ákveðið í samráði við umsjónarmann.

Nú telur bæjarstjórn, eða nefnd sú, sem fer með þessi mál fyrir hönd bæjarstjórnar, að regnvatn frá húsi spilli götu eða gangstétt og getur hún þá skyldað húseiganda til að leiða regnvatnið í húsræsið. Ef húseigandi vanrækir að leggja slíkar leiðslur innan hæfilegs frests, sem bæjarstjórn, eða nefnd sú, er hún felur framkvæmd þessara mála, til tekur, skal verkið unnið á hans kostnað. Sama gildir ef húseigandi leggur ekki innanhússveitur innan tiltekens frests.

3. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, sem teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði innan húss og utan. Þeir einir, sem bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rétt til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsakerfi bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarins, þar með talin ræsi úr aðalleiðslu að húsveggjum, greiðist af holræsagerðinni. Til þess að standast útgjöld þau, sem stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, sem hús á, lóð eða lóðarréttindi við götu, veg eða opið svæði, sem bærinn hefur lagt holræsi í, að greiða árlega til holræsagerðarinnar 12 af þúsundi af fasteignamati húss og lóðar, þó aldrei minna en 60 krónur af húsi eða hluta af húsi, sem talinn er sér í fasteignamati. Auk þess ber húseiganda að greiða, í eitt skipti fyrir öll, stofngjald, að upphæð kr. 300.00, þegar holræsagerðin hefur lagt skólpræsi úr aðalleiðslu að húsvegg hjá honum.

Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka um 25 af hundraði, án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

5. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að taka í sína umsjá núverandi holræsakerfi einstakra manna samkvæmt samkomulagi við hlutaðeigendur eða samkvæmt mati, ef ágreiningur verður.

6. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds (árgjalds og stofngjalds). Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí ár hvert en stofngjald ber að greiða þegar leiðsla hefur verið lögð úr aðalæð að húsvegg.

112

15. júní

7. gr.
Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, sem renna í ríkissjóð. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 44 10. júní 1938, um holræsi og holræsagjald fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.

113

20. júní

REGLUGERÐ

um rekstur radióstöðva.

1. gr.

Engir aðrir en þeir, sem leyfisbréf hafa til þess frá póst- og símamálastjórninni, mega stofna eða reka neins konar loftskeytataeki, talstöðvatæki, radiómiðunarstöðvar o. þ. l., á Íslandi eða í íslenskri landhelgi eða lofthelgi, eða flytja til landsins, selja, leigja, smíða, gera við, breyta eða setja upp slík tæki eða hluta þeirra.

Enn fremur er bannað að flytja senditæki úr þeim stað, sem leyfisbréfið tilgreinir, án skriflegrar heimildar frá póst- og símamálastjórninni, nema um sé að ræði flutning tækja beint og án tafar til næstu landssímastöðvar til athugunar þar eða afhendingar.

2. gr.

Þótt leyfisbréf fyrir rekstri senditækja sé fengið, má ekki starfrækja þau nema af manni, sem fengið hefur til þess starfræksluskirteini loftskeytamanna eða talstöðvarvarða, útgefið af póst- og símamálastjórninni. Eigandi skips og skipstjóri hera ábyrgð á því, að senditæki í skipinu séu ekki starfrækt af öðrum en þeim, er hafa fullgild skirteini til starfrækslu þeirra, enda séu skirteini og leyfisbréf ávallt geymd um borð í skipinu hjá dagbók skipsins eða hjá dagbók radióstöðvarinnar.

3. gr.

Nú verða eigendaskipti að radiótækjum eða að skipi eða flugvél, sem slík tæki eru í, og ber þá bæði hinum fyrri og hinum nýja eiganda tafarlaust að tilkynna það póst- og símamálastjórninni með símskeyti, en auk þess ber þeim, er heldur tækjunum, að afla nýs leyfisbréfs fyrir þeim, svo og fullgilds skirteinis þeim til handa, sem á að stunda þau, hafi hann það ekki áður.

Hvorki má innrita né þinglesa eigendaskiptum að skipi eða bát, nema vottorð símaafgreiðslumanns um að slíku skeyti, sem í fyrri málsgrein segir, hafi verið veitt móttaka til sendingar á símastöðinni.

4. gr.

Öll skeyta- og talviðskipti við menn í landi fari fram um strandstöðvar landsímans. Allar aðrar skeytasendingar og allt radiótal frá senditækjum í skipum